

## **Reglur um niðurgreiðslur á dagvistargjöldum foreldra með börn í dagvistun hjá dagforeldrum**

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Snæfellsbæjar eru greidd niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Snæfellsbæ. Reglur þessar gilda einnig um foreldra barna sem eiga lögheimili í Snæfellsbæ en dvelja tímabundið vegna náms eða starfa í öðru sveitarfélagi. Réttur til niðurgreiðslu gildir þar til leikskólaláss býðst.

### **Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:**

- a) Að barnið dvelji hjá dagforeldri sem hefur leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
- b) Að foreldrar eigi lögheimili í Snæfellsbæ.
- c) Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 18 mánaða. Niðurgreiðslan nær einnig til barna 18 mánaða til 6 ára fái þau ekki pláss á leikskóla vegna biðlista.
- d) Að hvorugt foreldranna sé í fæðingarorlofi.
- e) Að fyrir liggi þjónustusamningur milli Snæfellsbæjar, foreldra og dagforeldris.
- f) Að námsmenn skili vottorði skóla um fullt dagnám í upphafi hverrar annar.

Dagforeldri dregur frá reikningi foreldris þann hluta daggjaldsins sem er niðurgreiddur og innheimtir þá fjárhæð á sérstöku eyðublaði mánaðarlega. Foreldrar greiða þá upphæð sem eftir stendur í upphafi hvers mánaðar. Dagforeldrar skila yfirliti mánaðarins til Snæfellsbæjar á útfylltum eyðublöðum fyrir hver mánaðarmót. Yfirlitið skal vera vottað af viðkomandi foreldri. Dagforeldrar fá endurgreiðslur lagðar inn á bankareikning 5. hvers mánaðar.

Viðbótarniðurgreiðsla er greidd vegna systkina sem eru bæði hjá dagforeldrum. Einnig ef annað barnið er hjá dagforeldri og hitt í leikskóla.

Daggjöld eru niðurgreidd að hámarki 11 mánuði á ári og er ekki greitt aftur í tímann.

Umsóknir um niðurgreiðslu skal endurnýja árlega.

### **Niðurgreidd daggjöld**

Hjón/sambúðarfólk, niðurgreiðsla er	kr. 4.600.- pr. vistunarstund
Annað foreldri í námi, niðurgreiðsla er	kr. 5.000.- pr. vistunarstund
Báðir foreldrar í námi, niðurgreiðsla er	kr. 5.400.- pr. vistunarstund

### **Viðbótargreiðslur v/systkina**

Hjón/sambúðarfólk, niðurgreiðsla er	kr. 1.100.- pr. vistunarstund
Annað foreldri í námi, niðurgreiðsla er	kr. 1.200.- pr. vistunarstund
Báðir foreldrar í námi, niðurgreiðsla er	kr. 1.300.- pr. vistunarstund

### **Viðbótargreiðsla vegna systkina:**

Ef annað barnið er hjá dagmóður, en hitt í leikskóla í Snæfellsbæ gildir afsláttur leikskólans.

Gjaldskráin gildir frá 1. október 2010

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar  
7. október 2010